

Minnisblað frá málþingi Faxaflóahafna sf. með notendum sem haldið var miðvikudaginn 9. október 2013

Málþingið var haldið í Hörpu og voru liðlega 80 gestir á þinginu. Dagskráin var eftirfarandi:

Hjálmar Sveinsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna sf. setti fundinn og tilnefndi fundarstjóra og fundarritara, þær Sigríði Bergmann og Kristjönu Óladóttur. Hann fór yfir helstu mál sem hafa verið á döfinni á þessu ári.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri, fylgdi á eftir með yfirgripsmiklu yfirliti yfir helstu framkvæmdir í vinnslu og taldi upp það sem er í farvatninu.

Nýleg skýrsla um þróun atvinnustarfsemi í Gömlu höfninni var kynnt af höfundi hennar, Bergþóru Bergsdóttur, verkfræðinema, og kom þar meðal annars fram að fyrirtækjum og fólki hefur fjölgað á avinnusvæðum hafnarinnar síðan seinasta úttekt var gerð árið 2008.

Helga Thors, markaðsstjóri Hörpu flutti erindi þar sem hún hvatti til samstarfs þeirra fyrirtækja sem koma að ferðaþjónustu og þá sérstaklega í tengslum við ráðstefnu og stærri viðburði.

Helga telur að þegar ráðstefnur eru í Hörpu eigi að dreifa atburðum, svo sem dögurðum, hádegisverðum og ýmsum skemmtiatriðum um hafnarsvæðið, það muni styrkja svæðið til lengri tíma lítið.

Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri á Akranesi, ræddi um uppbyggingu ferðaþjónustu í og við höfnina á Akranesi. Í því sambandi telur hún að samstarf við Faxaflóahafnir sf. sé af hinu góða og muni þénast báðum aðilum til að auka fjölbreytni í ferðamennsku.

Að lokum sagði Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur, frá 100 ára sögu Faxaflóahafna sf. en hann hefur ritað söguna sem kemur út í tveimur bindum í nóvember næstkomandi.

Að framsögum loknum voru umræður og fyrirspurnir:

- ✓ Helgi hjá Vélum og skipum ehf. kom með fyrirspurn um hvaða ráð væru til að verja hafsækna starfsemi úti á Granda.
- ✓ Axel Helgason kom með fyrirspurn vegna sjósetningu báta, sagði aðstöðuna úti í Eyju ekki opna og hvers vegna?
- ✓ Ásbjörn hjá Special tours hafði áhyggjur af umferð og skipulagi, sagði hættuástand skapast vegna mikillar umferðar bifreiða og gangandi vegfarenda á svæðinu.

- ✓ Helgi hjá Vélum og skipum ehf. kom með aðra fyrirspurn um hvort einhver leið væri fær til að snúa við þeirri þróun á starfsemi sem er í formi verslana á svæðinu. Hafa húsnæðiseigendur eða leigjendur leyfi til að hefja hvaða starfsemi sem er á svæðinu?
- ✓ Baldvin leigutaki á Hólmaslóð kom með fyrirspurn um hvort rétt væri að til stæði að færa hvalaskoðunarbátana yfir á Grandabryggju?

Hjálmar og Gísli svöruðu fyrirspurnum eftir því sem kostur var.

Reykjavík, 9. október 2013